

Alþingi
Erindi nr. P 128/1740
komudagur 28.3.2003



2003030046

9140

Umhverfisnefnd Alþingis
Einar Farestveit, nefndarritari
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2003

/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár, 637. mál.

Skipulagsstofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 18. mars 2003, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjasýslu, 637. mál, heildarlög.

Skipulagsstofnun hefur í ákvörðunum stofnunarinnar varðandi framkvæmdir í Skútustaðahreppi skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum lagt áherslu á nauðsyn þess að gerð verði landnýtingar- og verndaráætlun fyrir svæðið allt. Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að gerð verði verndaráætlun fyrir vatnasvið Mývatns og Laxár. Í ákvæðinu kemur fram að fjallað skuli um nauðsynlegar verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúruminja á svæðinu, landnýtingu og fleira. Þá kemur fram að áætlunin skuli staðfest af umhverfisráðherra og birt sem auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda. Hins vegar kemur ekki fram í ákvæðinu hver réttaráhrif verndaráætlunar skuli vera, þ.e. hvort og þá hvaða takmarkanir efni hennar hafi í för með sér varðandi landnotkun á svæðinu, við skipulagsgerð og leyfisveitingar. Skipulagsstofnun telur að skýrt þurfi vera hvaða áhrif efni verndaráætlunar hafi á ákvarðanir um landnotkun. Skipulagsstofnun bendir einnig á að í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um hvernig skuli farið með endurskoðun verndaráætlunar eða breytingar á einstökum ákvæðum hennar. Stofnunin telur að rétt væri að í frumvarpinu væri ákvæði um að verndaráætlun skuli endurskoðuð að liðnum ákveðnum tíma frá gildistöku, þar sem forsendur slíkra áætlana geta breyst og hvernig skuli farið með einstakar breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar.

Skipulagsstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við efni frumvarpsins.

Elín Smáradóttir